



### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tildrög frumvarps þess, sem hér er lagt fram, eru þau sem nú verða rakin:

Með bréfi dags. 26. maí 1986 fór Sálfræðingafélag Íslands þess á leit við menntamálaráðuneytið að sett yrði reglugerð um sérfræðingsviðurkenningu sálfræðinga á grundvelli laga nr. 40/1976, en samkvæmt þeim lögum veitir menntamálaráðuneytið mönnum leyfi til að kalla sig sálfræðinga. Að athuguðu máli var félaginu tjáð að ráðuneytið teldi lagaheimild bresta til að verða við erindinu. Að því svari fengnu fór Sálfræðingafélagið fram á það í bréfi til ráðuneytisins dags. 8. júlí 1986 að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, þess efnis að enginn sálfræðingur megi kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi menntamálaráðherra. Jafnframt yrði kveðið á um setningu reglugerðar um skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis. Ráðuneytið leitaði umsagnar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um málaleitan Sálfræðingafélagsins. Í umsógn deildarinnar kom fram að hún hafði ekkert við efnisatriði málsins að athuga, en gerðar voru tillögur um orðalagsbreytingar frá drögum félagsins.

Með bréfi dags. 12. desember 1986 beindi ráðuneytið því til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, „hvort nefndin mundi vilja standa að flutningi frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, í samræmi við tilmæli Sálfræðingafélags Íslands og með hliðsjón af umsógn félagsvísindadeildar“. Af frumvarpsflutningi varð ekki að því sinni.

Við undirritun kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sálfræðingafélags Íslands 14. apríl 1987 var gerð svofelld bókun:

„Menntamálaráðuneytið mun fyrir 1. október nk. í samvinnu við samningsaðila vinna að gerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, er miði að því að þeir geti öðlast sérfræðileyfi.

Fái sálfræðingar sérfræðileyfi á samningstímabilinu eru samningsaðilar sammála um að taka upp viðræður um röðun þeirra sálfræðinga er það leyfi hljóta. Skulu viðræður um þá röðun hefjast innan mánaðar frá gildistöku.“

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni felst það meginefni frumvarpsins að réttur til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar verði háður leyfi menntamálaráðuneytisins. Kveðið er á um að um skilyrði fyrir veitingu leyfis verði nánar mælt í reglugerð. Í slíkri reglugerð þurfa m.a. að vera ákvæði um sérgreinar þær sem um geti verið að ræða, kröfur um framhaldsnám og starfsþjálfun að loknu embættisprófi, svo og um aðila er fjalla skuli um umsóknir um sérfræðileyfi.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.